

Ársskýrsla 2016



Jóney Jónsdóttir skólameistari

Nemendur

Framhaldsskólanum á Húsavík var slitið við hátíðlega athöfn í Húsavíkurkirkju laugardaginn 28. maí kl. 14:00 að viðstöddu fjölmenni. Þá voru brautskráðir 15 nemendur, 14 af stúdentsbrautum og 1 af starfsbraut.

Skipting nemenda eftir brautum á vorönn 2016

Heiti brautar	Fjöldi
Almenn námsbraut	9
Framhaldsbraut	2
Félagsfræðibraut	24
Félags- og hugvísindabraut	14
Grunnskóladeild	1
Náttúrufræðibraut	27
Náttúruvísindabraut	7
Ótilgreind námsbraut	5
Starfsbraut	3

Aldursskipting nemenda á vorönn 2016

Árgangur	Fjöldi
1969	1
1991	1
1992	1
1993	1
1994	1
1995	6
1996	13
1997	21
1998	19
1999	25
2000	1

Skipting nemenda eftir kyni á vorönn 2016

Kyn	Fjöldi
KK	48
KVK	44

Skipting nemenda eftir brautum á haustönn 2016

Heiti brautar	Fjöldi
Almenn námsbraut	16
Félagsfræðibraut	5
Félags- og hugvísindabraut	29
Náttúrufræðibraut	4
Náttúruvísindabraut	32

Opin stúdentsbraut	1
Ótilgreind námsbraut	11
Starfsbraut	3
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1

Aldursskipting nemenda á haustönn 2016

Árgangur	Fjöldi
1977	1
1982	1
1991	1
1993	3
1994	1
1995	6
1996	8
1997	15
1998	19
1999	22
2000	24

Skipting nemenda eftir kyni á haustönn 2016

Kyn	Fjöldi
KK	47
KVK	55

Brottfall ársnemenda var 7,3% á vorönn 2016 og 5,2% á haustönn 2016.

Ný námskrá

Samþykki hefur fengist fyrir öllum brautum nýrrar námskrár og skólinn starfar eftir henni. Í vor munu fyrstu nemendur útskrifast af nýjum brautum, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opinni stúdentsbraut. Auk þeirra munu síðustu nemendur eldri námskrár útskrifast. Ritun og endurskoðun skólanámskrár hófst á haustönn 2016 og verður fram haldið 2017.

Kennsla og stjórnun

Allir fastráðnir kennarar við skólann voru með áskilin réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Einungis einn leiðbeinandi kenndi við skólann, hann var leiðbeinandi á starfsbraut. Kennslustundir eru 60 mínútur. Kennsluhættir eru hefðbundnir þ.e. fyrirlestrar kennara og nemenda, ritgerðir, hóp- og einstaklingsverkefni. Vægi prófa verður alltaf minna og meira um símat í langflestum áföngum. Áföngum sem eru ekki með lokapróf fjölgaði.

Skólameistari var í 100% starfi, aðstoðarskólameistari (sem er jafnframt áfangastjóri) var í 75% starfi á vorönn og 50% starfi á haustönn. Á vorönn var fjármálastjóri í 50% og skólafulltrúi í 60% stöðu en það starf var sameinað í eitt 90% starf í júní. Bókasafnsfræðingur er í 60% stöðu, námsráðgjafi í 30%, forvarna- og félagsmálafulltrúi í 10% og verkefnastjóri heilsuráðs í 10% stöðu. Húsvarsla og ræstingar er 100% stöðugildi og einn starfsmaður sinni þeim störfum.

Á vorönn 2016 var fjöldi kennara 11 og aðrir starfsmenn voru 6. Á haustönn 2016 voru kennarar 11 og aðrir starfsmenn 5. Meðalaldur starfsmanna á báðum önnum 2016 var 50 ár og 50 ár á haustönn 2016. Stöðugildi eru rétt rúmlega 13.

Fjöldi kennara/stjórnenda með BA/BS –próf auk kennsluréttinda	8
Fjöldi kennara/stjórnenda með MA/MS/M.ed –próf auk kennsluréttinda	3
Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda	1
Fjöldi kennara með aðra menntun	1 rafmagns-tæknifræðingur með kennsluréttindi

Mat - ytra mat og innra mat

Ekkert ytra mat fór fram 2016.

Starfshópur skólans um innra mat lagði fyrir áfangakannanir á báðum önnum 2016. Auk þess var lögð fyrir könnun um heilsumarkmið nemenda. Skólasamningur var undirritaður 9. júlí 2015 og gildir hann til 31. desember 2019.

Fjármál 2016

Almennur rekstur var í góðu samræmi við innsenda rekstraráætlun en launaliðurinn er stofnuninni erfiður. Hann fór rúmlega 9 milljónir yfir áætlun og niðurstaða ársins því 9,5 milljónir yfir áætlun. Tap ársins var tæplega 3 milljónir. 3 ára rekstraráætlun var unnin og send mennta- og menningarmálaráðuneytinu í desember 2016.

Skólaþróunarverkefni og samstarf

Leiðsagnarmat er kennslu- og námsmatsaðferð sem byggir á því að nemandinn fái stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um hvernig hann geti bætt sig. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að kynna leiðsagnarmat fyrir kennurum FSH og innleiða það í áföngum skólans. Kennarar hafa nú tekið höndum saman um að innleiða leiðsagnarmat en rannsóknir sýna að vandað leiðsagnarmat bætir námsárangur nemenda og að nemendur sem standa höllum fæti í námi njóti sérstaklega góðs af þessari kennslu- og námsmatsaðferð.

Gott samstarf hefur verið við Borgarhólsskóla varðandi mötuneytismál, lán/leigu á sal og kennslueldhúsi.

Framhaldsskólinn og Þekkingarnet Þingeyinga eiga saman laserskurðarvél o.fl. sem er í kjallara skólans. Gott samstarf hefur verið milli þessara stofnana með þessa litlu tæknismiðju sem bæði er notuð fyrir námskeið fyrir almenning og nemendur skólans.

FSH hefur verið í samstarfi við skólana í Fjarmentaskólinn.is sem hefur gengið ágætlega.

Síðsumars 2015 setti ráðherra á laggirnar starfshóp sem átti að kortleggja grunnþætti svo sem mannauð og námsframboð í starfsemi framhaldsskólanna fimm á norðaustursvæð. Skólameistarar skólanna 5 hafa fundað nokkuð reglulega árið 2016 og er Svanfríður Jónasdóttir verkefnisstjóri hópsins.

Heilsumarkmiðin mín

Enn er verið að þróa og bæta verkefnið *Heilsumarkmiðin mín*. Því var hrundið af stað á skólaárinu 2013-2014 og voru þátttakendur í því nýnemar. Umsjón verkefnisins var í höndum fjögurra starfsmanna skólans, þ.e. námsráðgjafa (sem einnig er næringarfræðingur), íþróttakennara, sálfræðikennara og skólahjúkrunarfræðings. Námsráðgjafi fór með verkefnisstjórn. Náin samvinna var höfð við stýrihóp Heilsueflandi framhaldsskóla, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að nemendur yrðu sér meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og að þeir tækju aukna ábyrgð á eigin lífi til framtíðar. Verkefnið gekk í stuttu máli út á að nemendur settu sér markmið í tengslum við fjóra lífsstílstengda þætti, þ.e. hreyfingu, mataræði, svefnvenjur og

andlega líðan. Hver nemandi valdi sér einn þátt sem hann vildi einbeita sér að umfram aðra. Markmiðin voru svokölluð SMART-markmið en með því var átt við að þau yrðu að vera skýr, mælanleg, alvöru (þ.e. að hægt væri að ná þeim), raunhæf og tímasett. Nemendur voru teknir í viðtöl með reglulegu millibili þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir þá og árangurinn af markmiðum þeirra metinn. Yfir skólaárið unnu nemendur einnig verkefni tengd markmiðunum í lífsleiknitímum og bóklegum íþróttatímum. Að mati stýrihóps var einnig sá ávinningur af verkefninu að nemendur fundu fyrir því að starfsfólki skólans væri annt um heilsu þeirra og vildi leggja sitt af mörkum til að auðvelda þeim skólagönguna enda eru sterk tengsl milli góðrar heilsu og velgengni í námi. Á skólaárinu 2015-2016 og 2016-2017 er haldið áfram með verkefnið og hefur nú fjölgað í heilsuráðinu. Nú hafa bæst við forvarna- og félagsmálafultrúi og nemendurnir eru fimm. Heilsuráðið hefur staðið fyrir ýmsum heilsuefandi viðburðum, eins og matarworkshop, haustlitagöngu, þrettándagleði í Íþróttahöllinni og fleiru. Verkefnið kemur í kjölfar, og rennur raunar saman við, lýðheilsuverkefnið um heilsuefandi framhaldsskóla sem lýst er hér að neðan.

Heilsuefandi framhaldsskóli

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur tekið þátt í lýðheilsuverkefninu *Heilsuefandi framhaldsskóli* frá upphafi þess. Mikil samstaða er í skólanum um að taka alltaf þátt í Lífshlaupi framhaldsskólanna og nú hanga uppi á vegg fjórir viðurkenningarskildir, tveir með 2. sæti og tveir með 1. sæti. í Lífshlaupi framhaldsskólanna. Nemendur unnu hlaupið 2015 og 2016. Þegar þetta er skrifað er ljóst að þeir unnu líka 2017.

Töluvert er síðan FSH markaði sér stefnu í eineltismálum og er hún hluti af jafnréttisstefnu skólans sem finna má á heimasíðu hans. Í menntasýn skólans er áhersla lögð á að nemendur þroski með sér hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra, bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra. Hluti af vinnunni við geðræktarhluta *Heilsuefandi framhaldsskóla* fólst í verkefninu *Heilsu-markmiðin mín* sem lýst er hér að framan. Jafnframt fékk skólinn til sín fyrirlesara sem héldu fræðsluerindi fyrir nemendur og starfsfólk um jákvæðni og geðrækt. Á skólaárunum 2015-2016 og 2016-2017 er haldið áfram með verkefnið um heilsuefandi framhaldsskóla og var ákveðið að fara aftur í geðræktarhluta verkefnisins. Skólinn fékk 500.000 kr. styrk frá Lýðheilsusjóði til eflingar geðrækt og sjálfsvígsforvarnir. Þegar hafa verið fengnir fyrirlesarar sem haldið hafa fræðsluerindi um forvarnir og kynheilbrigði, sorg- og sorgarviðbrögð og geðrækt. Auk þess sem nemendur og starfsfólk fóru á haustdögum saman í svokallaða haustlitagöngu þar sem áhersla var lögð á hreyfingu og samveru. Verkefnið hefur góð áhrif á almenna líðan nemenda og starfsfólks.

Upplýsingar um sérstakar áherslur skólans í námi og kennslu

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur það að leiðarljósi að vinna í samræmi við einkunnarorð sín sem eru **Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki**. Lögð er áhersla á að þeir þættir sem endurspeglast í einkunnarorðunum liti allt daglegt starf skólans.

Við leggjum áherslu á að efla frumkvæði nemenda.

Efling **frumkvæðis** hefur það að markmiði:

- að hlúa að styrkleikum hvers og eins og hvetja nemendur til skapandi hugsunar og skapandi starfs.
- að hvetja nemendur til þess að sjá nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum úrlausnarefnum.

Við leggjum áherslu á mikilvægi samvinnu allra þeirra sem í skólanum starfa, bæði nemenda og starfsfólks, í öllu daglegu starfi.

Samvinna og samstarf hefur það að markmiði:

- að þjálfva nemendur í lýðræðislegu starfi og lýðræðislegri hugsun.

- að þroska með nemendum hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra.
- að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að þeir fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarafstöðu, kynþáttar eða þjóðernis. Að nemendur efli samskiptahæfni sína með því að vinna með öðrum að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsga og taki ábyrgð á eigin gerðum.
- að vinna með nærsamfélagi skólans að því að þroska grenndarvitund nemenda og stuðla með þeim hætti að því að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á nærsamfélagi sínu og því umhverfi sem þeir eru hluti af.

Við leggjum áherslu á að efla **hugrekki** nemenda í daglegu starfi sínu. Efling hugrekkis hefur það að markmiði:

- að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda með því að hvetja þá til þess að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju og virðingu.
- að nemendur fái þá hvatningu og stuðning sem þarf til að þeir sjái hvers þeir eru megnugir.
- að nemendur hafi kjark og þor til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, standa með sjálfum sér og lifa heilbrigðu lífi.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: Húsnæði skólans er skráð 1399m². Á vorönn 2016 voru 92 nemendur skráðir við skólann og 102 nemendur á haustönn 2016, stúlkur voru á báðum öllum örlítið fleiri en drengir. Starfsmenn voru 17 á vorönn, 11 konur og 6 karlar en 16 á haustönn, 9 konur og 7 karlar. Auk þess er hér skólahjúkrunarfræðingur tvisvar í viku sem kemur frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og kerfisstjóri frá Advania sem kemur þrisvar í viku.

Námsframboð: á vorönn : Almenn námsbraut, félagsfræðibraut, framhaldsbraut, náttúrufræðibraut, ótilgreindri braut, og starfsbraut. Á haustönn : Almenn námsbraut, framhaldsbraut, félagsfræðibraut (gömul), félags-og hugvísindabraut (ný), náttúrufræðibraut (gömul), náttúruvísindabraut (ný), óskilgreind námsbraut og starfsbraut.

Framkvæmd markmiða: Skólasamningur var undirritaður í júlí 2015. Markmiðin í honum lúta að kennslu og fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Leiðsögn frá fagaðilum varðandi fjölbreyttari vinnuaðferðir, sérstaklega leiðsagnarmat og námskeið í leiðsagnarmati í Háskólanum á Akureyri.

Úttektir: Engar 2016 en skólinn var í ytri úttekt í nóvember 2014.

Afkoma, rekstrarstaða: Allir rekstrarliðir í góðu samræmi við áætlanir nema launaliðurinn vegna mikilla launahækkana og þess að verið var að keyra tvær námskrár samhliða.

Brottfall: Brottfall ársnemenda var 13,4% á vorönn 2015 og 6,9% á haustönn 2015.

Stjórnun: skólameistari í 100%, aðstoðarskólameistari sem gegnir einnig starfi áfangastjóra (50%) er í 75% starfi, fjármálastjóri í 40%.

Samvinna við aðra: samvinna við Fjarmenntaskólann.is, Borgarhólsskóla, Þekkingarnet Þingeyinga og framhaldsskólana fimm á norðaustursvæði.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Erum samstarfsaðilar að stóru verkefni í Norðurþingi sem heitir „Nýskapandi samfélag í Norðurþingi“ þar taka þátt leik- og grunnskólar sveitarfélagsins ásamt Framhaldsskólanum, Þekkingarnetinu og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur yfirumsjón. Einnig erum við í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Höldum áfram í verkefninu Heilsumarkmiðin mín. Kennarar, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur hafa fylgst með nemendum, tekið þá reglulega í viðtöl og aðstoðað þá til að ná markmiðum sem nemendur settu sér í byrjun annar varðandi: svefn, mataræði, hreyfingu og lífsstíl.